

Langanesbyggð  
Fjarðarvegi 3  
680 Þórshöfn

Reykjavík 10. september 2018  
UST201808-111/A.B.  
10.04.03

### Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Miðsvæði við Bakkaveg og Vesturveg – Þórshöfn

Vísað er til erindis Langanesbyggðar sem barst 16. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi miðsvæðis við Bakkaveg og Vesturveg í Þórshöfn.

#### Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið er 4,33 hektarar og er það á miðsvæði Þórshafnar í Langanesbyggð. Skipulagssvæðið afmarkast við miðlínu Langanesvegur í austri, miðlínu Bakkavegar í norðri og suðri og sjó til vesturs. Innan svæðisins er Vesturvegur.

Einnig kemur fram að helstu viðfangsefni deiliskipulagsins eru að ákvörðuð verða lóðamörk og nýtingarhlutfall lóða, nýjar íbúðar- og atvinnulóðir verða skilgreindar, byggingarreitir verða afmarkaðir og skilmálar settir um nýbyggingar, nýr útivistarstígur meðfram strandlengju og göngustígar um skipulagssvæðið.

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almennigur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir útivistarstíg meðfram strandlengjunni, svo að útivistargildi skerðist ekki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu. Einnig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu en þar segi: „*Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.*“


Öll fráveita skal vera skv. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu, að öðru leyti gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur